

Fordómafullur ferðalangur

Íslendingar státa sig oft af því að vera fordómalausir og hugulsamir í garð allskyns minnihlutahópa og fólks sem af einhverjum orsökum er öðruvísi, sama hvaðan það er eða hvernig það er. Vissulega er mikið til í þessu, þar sem samkvæmt lögum eru allir jafnir og eiga sömu réttindi. En er þetta nóg? Er nóg að það standi á blaði að allir eiga að hafa sömu möguleika á vinnu sama hver hörundslitur umsækjanda er? Verða ekki allir að lýta sér nær, hugsa um þá fordóma sem þeir bera í garð annars fólks og losa sig við þá áður en við getum kallast „fordómalaust samfélag.“

Ekki er langt síðan ég varð vitni að fordómum mínum í garð manneskju sem ég hafði aldrei séð, hvað þá talað við, og hversu fljótur ég var að draga manneskjuna inn í sviga, margfalda sjáanlega og ímyndaða galla hennar með tveimur og fá útkomu sem sagði mér að passa mig á manneskjunni og alls ekki tala við hana.

Ég var á bíða eftir strætisvagni númer fjögur, fyrir utan Nætursöluna. Köld vorgolan svalaði mér og eyrun voru orðin eldrauð löngu áður en ég fékk að hlýja mér í upphituðum strætisvagninum. Fyrir utan Nætursöluna beið ekki margt fólk en samt biðu þarna nokkrir krakkar úr tónlistaskólanum og ein kona sem auðsjáanlega var ný komin úr klippingu. Miðaldramaður stóð og reykti og unglingar á mínum aldri biðu í símunum sínum eftir að hafa verið að slæpast í bænum. Enginn sem beið ásamt mér eftir vagni númer fjögur vakti sérstaka athygli eða grunsemdir hjá mér fyrr en stór og breiður maður kom gangandi fyrir hornið. Hann tók sér stöðu upp við húsvegg, hróflaði í hárinu og tók upp sígarettu. Hann var klæddur í rifnar gallabuxur, bol með einhverri rokkhljómsveit framan á og leðurvesti yfir. Maður, sem sjálfsagt var nýkominn úr einhverju dópbælinu, var tröll að vexti, með stingandi augnaráð og húðflúr á hálsinum. Hann kláraði þrjár sígarettur áður en vagninn renndi í stæðið og bílstjórinn bauð góðan dag.

Ég flýtti mér á meðan maðurinn kramdi sígarettuna í stéttinni að setjast inn í vagninn. Eftir að hinn stórvaxni og meira en lítið ófrýnilegi maður hafði lokið sér af utandyra settist hann inn í strætóinn, en það sem meira var, einmitt hliðina á mér fremst og næst dyrunum en ég hafði orðið fyrir því óláni að setjast fyrir aftan bílstjóran. Ég huggaði mig við það að ég sæti nálægt bílstjóranum, þannig ef að eitthvað kæmi upp á í samskiptum mínum við stóra manninn gæti hann skorist í leikinn. Þess gerðist ekki þörf, aðallega vegna þess að við stórvaxni maðurinn áttum ekki í neinum samskiptum á meðan ferð okkar stóð.

Vagninn skreið af stað. Ferðin gekk vel og farþegarnir stigu upp í strætóinn hver á fætur öðrum og brátt var hann allt að því fullur. Ég var orðinn blár í framan af bílveiki og hættur að hugsa um hættuna sem steðjaði að frá næsta sæti hinu megin við ganginn.

Eftir dágóða stund staðnæmdist vagn númer fjögur við eina litla og niðurnídda stoppistöð og gömul og hrörleg kona kom inn í vagninn. Konan, sem örugglega var komin á nírræðisaldur, kastaði mæðunni eftir átakið við að koma sér inn í vagninn og bauð bílstjóranum góðan dag. Það er langt síðan ég varð jafn hissa og þegar sami maður og ég hafði ímyndað mér að væri sérlegur ópokki og annálaður ofbeldismaður stóð upp fyrir gömlu konunni og bauð henni sæti sitt, sjálfur skildi hann standa. Ég horfði á þetta gerast og lét mér ekki detta í hug að standa upp.

Eftir þetta þurfti ég að leggjast í gagngerða rannsókn á mínum fordómum. Þeir eru út um allt og réttlæta sig með allskyns skringilegum hlutum. Ég vissi ekkert hvort þessi maður væri ofbeldisfullur dópisti eða ekki og veit það ekki enn, samt dæmdi ég hann og gaf honum ekki sömu tækifæri og öðrum. Allir þurfa að velta fyrir sér í hverju þeirra fordómar eru fólgnir, því allir hafa þá.